



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu
1. janúar til 30. september 2025

SÝN 

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	15

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Sýn, Sýn+, Sýn Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Sýnar ásamt dótturfélögum Endor ehf. og Já hf. (dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf.) og Já.is. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðuárshlutareikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess (Endor ehf. og Eignarhaldsfélagið Njála ehf.) ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

Niðurstaða fyrstu níu mánaða ársins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðu af seldum vörum og þjónustu 15.759 millj. kr. Tap félagsins á tímabilinu nam 757 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 30.219 millj. kr. 30. september 2025. Eigið fé félagsins þann 30. september 2025 nam 7.919 millj. kr. Þar af nam hlutafé 2.476 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eiginfjárlutfallið 30. september 2025 var 26,2%. Í lok tímabilsins voru stöðugildi félagsins 397 í samanburði við 422 í upphafi árs.

Heildartekjur á þriðja ársfjórðungi lækkuðu um 1,6% milli tímabila. Samdrátturinn skýrist að mestu af einskiptisáhrifum vegna yfirfærslu viðskiptavina í nýtt vöruframboð á haustmánuðum, sem hafði neikvæð áhrif á tekjur af sjónvarpsáskriftum og heimatengingum um samtals 90 millj. kr.

Tekjur vegna fjölmiðlastyrks að fjárhæð 124 millj. kr. höfðu jákvæð áhrif á þriðja ársfjórðung 2024, en engar slíkar tekjur komu til á þessu tímabili þar sem frumvarpið var ekki samþykkt á Alþingi fyrr en 16. október. Tekjur af auglýsingasölu og hlutaneti (IoT) voru jafnframt undir væntingum.

Launakostnaður jókst tímabundið um 60 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2025 vegna markaðssóknar og endurmörkunar. Aukinn rekstrarkostnaður milli tímabila skýrist einnig af markaðsáttaki félagsins og hærri kostnaði við aðkeypta þjónustu í tengslum við endurmörkunina.

Sýn hefur gripið til markvissra aðgerða til að styrkja rekstrargrundvöll félagsins. Kostnaðarhagræðing mun koma að fullu til framkvæmda í upphafi næsta árs og sala farnetsdreifikerfis til Sendafélagsins mun hafa jákvæð áhrif á sjóðstreymi félagsins. Skipulagsbreytingar og nýtt skipulag framkvæmdastjórnar miða að því að auka skilvirkni, bæta þjónustu og einfalda starfsemi. Jafnframt vinnur félagið að endurskoðun á tekjumódeli í fjölmiðlarekstri til að aðlagja starfsemi að breyttum markaðsaðstæðum. Ákvörðun Fjarskiptastofu um flutningsrétt markaðsráðandi keppinauts á línulegu sjónvarpsefni hefur haft neikvæð áhrif á tekjumyndun félagsins og valdið verulegu fjártjóni, sbr. skýring nr. 13.

Samruni dótturfélaganna Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf. við Sýn hf.

Stjórnir Sýn, Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., Já hf. og Endor hf. samþykktu samrunaáætlun á fundi þann 28. mars 2025. Samruninn var endanlega staðfestur af stjórnnum félaganna þann 8. ágúst 2025 og afgreiddur af Fyrirtækjaskrá 1. október sama ár. Samruninn er liður í stefnu félagsins um aukna hagræðingu og bætta rekstrargrundvöll með því að einfalda eignarhald og nýta samlegðaráhrif milli félaganna. Reikningshaldslega miðast samruninn við 31. desember 2025.

Samstarfs- og hluthafasamningur Sýnar hf. og Nova hf. um framsal 4G og 5G dreifikerfa

Þann 30. október 2025 var mikilvægum áfanga náð í þróun framtíðarrekstrarfyrirkomulags Sendafélagsins ehf. Sýn hf. og Nova hf. undirrituðu þá samstarfs- og hluthafasamning um framsal 4G og 5G dreifikerfa félaganna til Sendafélagsins, með það að markmiði að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri fjarskiptainnviða og bæta fjárfestingargetu.

Samstarfið felur í sér að Sýn og Nova verða eigendur að Sendafélaginu með hlutdeildarhlutföllum 45% og 55%, og mun starfsemi félagsins á nýjum rekstrargrundvelli hefjast 1. janúar 2026. Með þessu er stigið mikilvægt skref í átt að hagkvæmari rekstri og skilvirkari nýtingu fjarskiptainnviða, sem styrkir rekstrargrundvöll Sýnar til framtíðar.

Með sölu 4G og 5G dreifikerfisins er áætlað að EBITDAaL lækki um 250 millj. kr. og EBIT um 30 millj. kr. á ári, en jafnframt lækki árlegar fjárfestingar um 200 millj. kr. og skuldir um 960 millj. kr. eftir endurfjármögnun. Heildarafkoma Sendafélagsins er áætluð um 130 m.kr. á fyrsta rekstrarári.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2025 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2025.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. nóvember 2025

Í Stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, varaformaður

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

Fjárhagslegar lykiltölur

	2025 3F	2024 3F*	2025 9M	2024 9M*
Fjárhagsupplýsingar **				
Heildartekjur	5.182	5.266	15.759	15.916
EBITDA tímabilsins	1.133	1.254	3.060	3.366
EBITDAaL tímabilsins***	821	823	2.119	2.282
EBIT	7	199	(67)	306
Tap fyrir tekjuskatt	(303)	(148)	(955)	(676)
(Tap) hagnaður tímabilsins	(239)	17	(757)	(321)
(Tap) hagnaður á hlut	(0,96)	0,11	(3,07)	(1,45)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	258	283	641	1.324
Fjárfestingar í sýningarréttum	741	778	1.461	1.845
EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum	(178)	(237)	16	(887)
Handbært fé frá rekstri	831	1.414	2.163	2.463
	30.9. 2025	30.6. 2025	31.03. 2025	30.12. 2024
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	6.544	6.216	5.901	6.116
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum	18.459	18.274	18.100	18.373

* Fjárhæðum fyrir árið 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings.

** Fjölmiðlastyrkur að fjárhæð 124 milljónir króna hefur jákvæð áhrif á tekjur á þriðja ársfjórðungi 2024, en engar slíkar tekjur komu til á þessu tímabili í ljósi þess að frumvarpið var ekki samþykkt á Alþingi fyrr en 16. október. Lægri tekjur á þriðja ársfjórðungi ársins 2025 skýrast m.a. af einskiptisliðum, sbr. skýrsla stjórnar.

*** EBITDAaL er EBITDA að frádregnum hreinum leigugreiðslum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2025

	Skýr.	2025 3F	2024 3F*	2025 9M	2024 9M*
Rekstrartekjur					
Seldar vörur og þjónusta	5	5.182	5.266	15.759	15.916
		5.182	5.266	15.759	15.916
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		2.074	2.172	6.452	6.400
Laun og launatengd gjöld	6	1.449	1.378	4.622	4.588
Annar kostnaður		527	462	1.625	1.562
		4.049	4.011	12.699	12.550
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA					
Afskriftir	7	(1.126)	(1.055)	(3.127)	(3.060)
Rekstrarafkoma					
		7	199	(67)	306
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	8	5	17	28	39
Fjármagnsgjöld	8	(323)	(372)	(944)	(1.027)
Gengismunur		8	9	29	6
Hrein fjármagnsgjöld		(310)	(346)	(888)	(982)
Tap fyrir tekjuskatt					
		(303)	(148)	(955)	(676)
Tekjuskattur		64	39	198	193
Tap af áframhaldandi starfsemi					
		(239)	(109)	(757)	(483)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta		0	125	0	162
(Tap) hagnaður tímabilsins					
		(239)	17	(757)	(321)
Önnur heildarafkoma					
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		0	11	(4)	(1)
Heildarafkoma tímabilsins					
		(239)	28	(761)	(322)
(Tap) hagnaður á hlut					
		(0,96)	0,11	(3,07)	(1,45)

* Fjárhæðum fyrir árið 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings.

Skýringar á bls. 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur

30. september 2025

	Skýr.	30.9.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		1.558	3.298
Viðskiptavild		7.818	7.818
Aðrar óefnislegar eignir		4.674	5.252
Leigueignir		7.378	7.723
Eignahlutir í félögum		85	85
Langtímaleigukröfur		108	127
Tekjuskattseign		269	71
Fastafjármunir samtals		21.891	24.374
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		2.446	2.427
Birgðir		260	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	3.689	3.639
Handbært fé		154	264
Eignir flokkaðar til sölu	11	1.780	0
Veltufjármunir samtals		8.328	6.676
Eignir samtals		30.219	31.050
Eigið fé			
Hlutfé		2.476	2.476
Yfirverðsreikningur hlutafjár		542	542
Annað bundið eigið fé		771	498
Óráðstafað eigið fé		4.129	5.136
Eigið fé		7.919	8.652
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		3.875	4.126
Leiguskuldir		11.320	11.615
Langtímaskuldir samtals		15.195	15.741
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		2.823	2.255
Leiguskuldir		594	642
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	3.688	3.760
Skammtímaskuldir samtals		7.106	6.657
Skuldir samtals		22.301	22.398
Eigið fé og skuldir samtals		30.219	31.050

Skýringar á bls. 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Eiginfjárfirlit

1. janúar til 30. september 2025

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Annað bundið eigið fé þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.9.2024						
Eigið fé 1.1.2024	2.493	602	48	226	6.920	10.288
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(322)	(322)
Þýðingarmunur	-	-	1	-	-	1
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	1	0	(322)	(321)
Keyptir eigin hlutir	(16)	(60)	-	-	-	(76)
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	265	(265)	-
Eigið fé 30.9.2024	2.477	542	49	491	6.333	9.891
1.1. til 30.9.2025						
Eigið fé 1.1.2025	2.476	542	4	494	5.136	8.652
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(757)	(757)
Þýðingarmunur	-	-	(4)	-	-	(4)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(4)	0	(757)	(761)
Kaupréttir	-	-	-	27	-	27
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	250	(250)	-
Eigið fé 30.9.2025	2.476	542	0	771	4.129	7.919

Skýringar á bls. 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2025

	Skýr.	2025 3F	2024 3F*	2025 9M	2024 9M
(Tap) hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		(239)	17	(757)	(322)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	7	1.126	1.055	3.127	3.060
Hrein fjármagnsgjöld		315	336	893	981
Tekjuskattur		(64)	(39)	(198)	(193)
Kaupréttarsamningar		9	0	27	0
Áhrif af aflagðri starfsemi		0	(95)	0	(78)
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.147	1.274	3.092	3.447
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		47	153	87	326
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(431)	484	(54)	804
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		386	(112)	(36)	(1.095)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.148	1.800	3.090	3.482
Innborgaðar vaxtatekjur		5	6	27	28
Greidd vaxtagjöld		(322)	(392)	(955)	(1.047)
Handbært fé frá rekstri		831	1414	2.163	2.463
Fjárfestingarhreyfingar					
Sala eignarhluta	9	0	100	0	100
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(148)	(89)	(288)	(451)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(110)	(194)	(354)	(873)
Fjárfesting í sýningarréttum		(741)	(778)	(1.461)	(1.845)
Fjárfestingarhreyfingar		(999)	(960)	(2.102)	(3.070)
Fjármögnunarhreyfingar					
Keyptir eigin hlutir		0	0	0	(76)
Afborganir vaxtaberandi skulda		(84)	(84)	(253)	(253)
Rekstrarlán, breyting		216	(2)	569	1.182
Afborgun leiguskuldbindinga		(160)	(257)	(487)	(622)
Fjármögnunarhreyfingar		(28)	(343)	(171)	231
Breyting á handbæru fé		(196)	110	(111)	(376)
Handbært fé í byrjun tímabils		349	136	264	624
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		0	2	0	(1)
Handbært fé í lok tímabilsins		153	248	153	248

* Fjölmiðlastyrkur að fjárhæð 124 milljónir króna hefur jákvæð áhrif á tekjur á þriðja ársfjórðungi 2024, en engar slíkar tekjur komu til á þessu tímabili í ljósi þess að frumvarpið var ekki samþykkt á Alþingi fyrr en 16. október. Einnig bárust á 3F 2024 greiðslur vegna annars vegar sölu stofnnetsins (430 millj. kr.) og hins vegar sölu á eignarhluta (100 millj. kr.), sem höfðu í för með sér lækkun viðskiptakrafna og hækkun á frjálsu fjárflæði.

Skýringar á bls. 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla-, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Sýn, Sýn+, Sýn Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977, Já.is og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölpættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélaga þess, Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðan“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. september 2025 hefur hvorki verið endurskoðaður eða kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2024. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 5. nóvember 2025.

b. Mat og ákvarðanir stjórnenda

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mælikvarðar sem ekki byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Stjórnendur félagsins hafa skilgreint lykilmælikvarða, *EBIT*, *EBITDA* og *EBITDAaL*, sem þeir telja gagnlega til að varpa ljósi á fjárhagslegan árangur samstæðunnar. *EBIT* er rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, en *EBITDA* er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. *EBITDAaL* er *EBITDA* að fráðregnum hreinum leigugreiðslum.

Markmið stjórnenda með notkun þessara mælikvarða er að veita fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum skýrari mynd af undirliggjandi rekstrarafkomu samstæðunnar, óháð fjármögnunarformi, skattlagningu og bókhaldstengdum atriðum sem geta verið breytileg milli félaga. Þessir mælikvarðar byggja ekki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og er ekki ætlað að koma í stað sambærilegra mælikvarða sem byggðir eru á slíkum stöðlum. Þeir ættu því ekki að vera skoðaðir einir og sér, heldur í samhengi við samstæðureikninginn í heild, sem unnin er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er hluti samstæðunnar sem sinnir atvinnustarfsemi sem getur aflað tekna og haft í för með sér gjöld, þar með talið tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan samstæðunnar. Starfsþættir eru skilgreindir af stjórnendum félagsins, sem reglulega fara yfir starfsemina til að taka ákvarðanir um úthlutun eigna og til að fylgjast með rekstrarárangri.

Samstæðan skiptir starfsemi sinni í tvo aðgreinda starfsþætti í samræmi við IFRS 8: fjarskipti og fjölmiðlun. Starfsemi samstæðunnar fer nær alfarið fram á Íslandi.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Fjarskipti

Starfsemi á sviði fjarskipta felur í sér alla helstu fjarskiptaþjónustu, þar á meðal farsíma-, fastlínu- og internetþjónustu, sölu á hlutaneti (IoT), vörusölu til einstaklinga og fyrirtækja, auk hýsingar- og rekstrarlausna. Þjónustan nær til bæði heimila og fyrirtækja og spannar alla virðis_keðju fjarskipta, frá rekstri innviða til dreifingar og stuðningsþjónustu. Vörusala og hýsingar- og rekstrarlausnir eru innifaldar í þessum starfsþætti, en vegna smæðar og eðlis þeirra eru þær ekki aðskildir starfsþættir.

Fjölmiðlun

Starfsemi á sviði fjölmiðlunar nær til auglýsingasölu, reksturs vefmiðla, útvarps og sjónvarps, auk nýmiðlunar undir vörumerkinu Já.is. Hún felur í sér framleiðslu og miðlun efnis, dreifingu á stafrænum og hefðbundnum miðlum, og þjónustu við auglýsendur og markaðsaðila. Starfsemi nýmiðlunar í gegnum Já.is er hluti af fjölmiðlunarstarfseminni, en vegna smæðar og eðlis hennar er hún ekki aðskilinn starfsþáttur.

Starfsþættir janúar til september 2025 greinast þannig*:

	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta samstals	6.724	10.332	(1.297)	15.759
Heildarrekstrargjöld starfsþátta	(5.429)	(8.679)	1.410	-12.699
EBITDA starfsþátta	1.295	1.653	112	3.060
Afskriftir starfsþátta	(1.930)	(1.197)	0	(3.127)
Rekstrarafkoma starfsþátta	(635)	456	112	(67)
Hrein fjármagnsgjöld				(888)
Tekjuskattur				198
Tap tímabilsins				(757)
Leigukostnaður	(212)	(729)	0	(941)
EBITDAaL	1.083	923	112	2.119

* Félagið birtir í fyrsta sinn upplýsingar um starfsþætti árið 2025. Ekki liggja fyrir samanburðarfjárhæðir fyrir fyrri tímabil og eru þær því ekki birtar.

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024	2025	2024
	3F	3F	9M	9M
Laun	1.206	1.172	3.953	4.030
Lífeyrissjóðsgjöld	174	171	527	556
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	9	0	27	0
Önnur launatengd gjöld	119	113	362	364
Eignfærð laun	(58)	(79)	(247)	(362)
Laun og launatengd gjöld samtals	1.449	1.377	4.622	4.588

Fjöldi stöðugilda í lok ársfjórðungsins var 397, sem er fækkun um 34 frá sama tímabili í fyrra. Á þriðja ársfjórðungi 2025 jókst launakostnaður tímabundið um 60 millj. kr. í tengslum við aukna markaðssókn og endurmörkun.

7. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2025	2024	2025	2024
	3F	3F	9M	9M
Afskriftir rekstrarfjármuna	169	222	611	644
Afskriftir annarra óefnislegra eigna	139	141	414	413
Afskriftir sýningarrétta	595	461	1.442	1.335
Afskriftir vörumerkja og viðskiptasambanda	52	52	155	154
Afskriftir leigueigna	171	178	505	514
Afskrift samtals	1.126	1.055	3.127	3.060

8. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2025	2024	2025	2024
	3F	3F	9M	9M
Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	3	4	22	22
Vaxtatekjur af leigukröfum	2	1	5	6
Söluhagnaður eignarhluta	0	11	0	11
Fjármunatekjur samtals	5	16	27	39
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(169)	(196)	(484)	(560)
Vaxtagjöld af leiguskuldum	(153)	(175)	(460)	(467)
Fjármagnsgjöld samtals	(322)	(372)	(944)	(1.027)

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.9.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur	3.335	3.326
Aðrar skammtímakröfur	395	354
Leigukröfur	30	22
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(70)	(63)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.689	3.639

Skýringar, frh.:

10. Sala á hluta af starfsemi Endor ehf.

Þann 1. október 2024 undirrituðu Sýn hf. og Hexatronic kaupsamning um hluta af starfsemi Endor ehf. Viðmiðunardagur viðskiptanna var þann 20. september sl. Hluti kaupverðsins var greiddur í byrjun október 2024 og var seinni hluti kaupverðsins greiddur á öðrum ársfjórðungi ársins 2025. Hagnaður af sölu starfseminnar nam 160 millj. kr.

Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi og sjóðstreymi hefur verið breytt og er nú rekstur seldu starfsemi Endor ehf. nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi.

Afkoma seldu starfseminnar á samanburðartímabilinu er eftirfarandi	2024
	9M
Tekjur	1.331
Sala innan samstæðu	(307)
Ytri tekjur	1.024
Gjöld	1.282
Gjöld innan samstæðu	(307)
Ytri gjöld	975
Hagnaður fyrir skatta	49
Söluhagnaður	160
Skattar	(47)
Samtals áhrif af aflagðri starfsemi	162

11. Samstarfs- og hluthafasamningur Sýnar hf. og Nova hf. um framsal 4G og 5G dreifikerfa

Þann 30. október 2025 var náð mikilvægum áfanga í þróun framtíðarrekstrarfyrirkomulags Sendafélagsins ehf. Sýn hf. og Nova hf. undirrituðu þá samstarfs- og hluthafasamning um framsal 4G og 5G dreifikerfa félaganna til Sendafélagsins, með það að markmiði að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri fjarskiptainnviða og bæta fjárfestingargetu.

Samstarfið felur í sér að Sýn og Nova verða eigendur að Sendafélaginu með hlutdeildarhlutföllum 45% og 55%, og mun starfsemi félagsins á nýjum rekstrargrundvelli hefjast 1. janúar 2026. Með þessu er stigið mikilvægt skref í átt að hagkvæmari rekstri og skilvirkari nýtingu fjarskiptainnviða, sem styrkir rekstrargrundvöll Sýnar til framtíðar.

Með sölu 4G og 5G dreifikerfisins er áætlað að EBITDAaL lækki um 250 millj. kr. og EBIT um 30 millj. kr. á ári, en jafnframt lækki árlegar fjárfestingar um 200 millj. kr. og skuldir um 960 millj. kr. eftir endurfjármögnun. Heildarafkoma Sendafélagsins er áætluð um 130 m.kr. á fyrsta rekstrarári.

Eignir Sýnar sem tilheyra 4G og 5G dreifikerfinu hafa verið færðar í sér línu í árshlutareikningnum sem eignir haldið til sölu.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.9.2025	31.12.2024
Viðskiptaskuldir	1.782	2.129
Ógreiddur virðisaukaskattur	378	234
Fyrirfram innheimtar tekjur	688	471
Ógreidd launatengd gjöld	784	805
Aðrar skammtímaskuldir	57	121
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	3.688	3.760

Skýringar, frh.:

13. Önnur mál

Málarekstur

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málarekstur þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Einnig kann félagið að eignast dæmdar kröfur á hendur þriðju aðilum. Hér að neðan er gerð grein fyrir því máli sem fékk framgang á þriðja ársfjórðungi 2025. Um málarekstur Sýnar hf. að öðru leyti vísast í ársreikning vegna rekstrarársins 2024.

Ágreiningur um flutningsrétt á sjónvarpsefni Sýnar hf.

Í júlí 2025 barst Fjarskiptastofu (FST) krafa frá Símanum hf. um að stofnunin tæki bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 4. mgr. 46. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Krafan fól í sér að Sýn hf. yrði gert skylt að heimila Símanum flutning á sjónvarpsútsendingum Sýnar, þ.e. línulegri opinni dagskrárás og læstum íþróttarásum, um dreifikerfi Símans, bæði um IPTV-myndlykla og smáforrit (app).

Fjarskiptastofa tók málsmeðferðarákvörðun til bráðabirgða þann 30. júlí 2025 og féllst á kröfur Símans. Stofnunin taldi skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar uppfyllt, þar sem hætta væri á að Síminn yrði fyrir „verulegu fjártjóni“. Með ákvörðuninni var Sýn gert skylt að afhenda Símanum umræddar sjónvarpsútsendingar til dreifingar gegn tilteknu endurgjaldi til bráðabirgða og skyldi ákvörðunin gilda til allt að 1. september 2026.

Sýn hf. kærði bráðabirgðaákvörðunina þegar í stað til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þann 1. ágúst 2025. Efnislega var því haldið fram að FST hafi rangtúlkað ákvæði fjölmiðlalaga, einkum um jafnræði og hvað teljist „eðlileg og sanngjörn“ beiðni um flutningsrétt í ljósi nýrrar tækni um smáforrit (App/OTT) sem Sýn býður öllum fjarskiptafyrirtækjum að endurselja á jafnræðisgrundvelli óháð fjarskiptaneti. Þessu boði, sem hefði veitt viðskiptavinum Símans aðgang að öllu efni Sýnar, línulegu og ólínulegu, hafnaði Síminn.

Úrskurðarnefndin fjallaði um kærana í úrskurði 4. sept. 2025 í máli nr. 1/2025. Þar staðfesti nefndin bráðabirgðaákvörðunina með þeirri breytingu að hún skyldi gilda í seinasta lagi til 1. des. 2025. Þá var tekið fram að ákvæði Fjarskiptastofa að þörf væri á kostnaðargreiningu á grundvelli 47. gr. laga nr. 38/2011 þá væri heimilt að framlengja gildistíma ákvörðunarinnar til 1. feb. 2026. Efnismeðferð málsins heldur því áfram hjá Fjarskiptastofu.

Ársfjórðungsyfirlit 2025

	2025 1F	2025 2F	2025 3F	Samtals
Rekstrartekjur				
Seldar vörur og þjónusta	5.220	5.357	5.182	15.759
	5.220	5.357	5.182	15.759
Rekstrarkostnaður				
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.156	2.222	2.074	6.451
Laun og launatengd gjöld	1.638	1.535	1.449	4.622
Annar kostnaður	536	563	527	1.625
	4.330	4.320	4.049	12.699
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	890	1.038	1.133	3.060
Afskriftir og virðisrýrnun	(1.029)	(972)	(1.126)	(3.127)
Rekstrarafkoma	(139)	66	7	(67)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur	17	5	5	28
Fjármagnsgjöld	(317)	(305)	(323)	(944)
Gengismunur	6	15	8	29
Hrein fjármagnsgjöld	(294)	(284)	(310)	(888)
Tap fyrir tekjuskatt	(433)	(219)	(304)	(955)
Tekjuskattur	89	45	64	198
Tap tímabilsins	(344)	(174)	(239)	(757)
Önnur heildarafkoma				
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>				
Þýðingarmunur	(4)	0	0	(4)
Heildarafkoma tímabilsins	(348)	(174)	(239)	(761)
EBITDAaL tímabilsins	582	716	821	2.119

Ársfjórðungsyfirlit 2024

	2024 1F	2024 2F	2024 3F	2024 4F	Samtals
Rekstrartekjur					
Seldar vörur og þjónusta	5.365	5.286	5.265	5.731	21.647
	5.365	5.286	5.265	5.731	21.647
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.128	2.100	2.074	2.430	8.732
Laun og launatengd gjöld	1.568	1.642	1.449	1.580	6.242
Annar kostnaður	571	526	462	485	2.044
	4.268	4.268	3.985	4.495	17.018
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	1.097	1.018	1.254	1.236	4.628
Afskriftir og virðisrýrnun	(1.050)	(955)	(1.055)	(2.218)	(5.278)
Rekstrarafkoma	47	63	199	(982)	(650)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	16	6	17	15	54
Fjármagnsgjöld	(332)	(324)	(372)	(326)	(1.354)
Gengismunur	3	(5)	9	3	10
Hrein fjármagnsgjöld	(313)	(323)	(346)	(308)	(1.290)
Tap fyrir tekjuskatt	(266)	(260)	(147)	(1.290)	(1.940)
Tekjuskattur	67	86	39	68	261
Tap af áframhaldandi starfsemi	(198)	(174)	(107)	(1.221)	(1.679)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	47	(9)	125	0	161
(Tap) hagnaður tímabilsins	(151)	(183)	18	(1.221)	(1.518)
Önnur heildarafkoma					
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur	(6)	6	1	(45)	(44)
Heildarafkoma tímabilsins	(157)	(178)	19	(1.266)	(1.562)
EBITDAaL tímabilsins	752	733	824	1.026	3.335